

66. kirkjuþing 2024 - 2025

14. mál – þskj. 14a

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar nr. 12/2021-2022, með síðari breytingum.

Flm. Rúnar Vilhjálmsson, Arna Grétarsdóttir, Árni Helgason, Einar Már Sigurðarson,
Þuríður Björg W. Árnadóttir.

1. gr.

Við 3. gr. bætist nýr málsl. svo hljóðandi:

Samningar kjaranefndarinnar skulu þó undirritaðir með fyrirvara um samþykki stjórnar Þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Mál þetta er flutt af kirkjuþingsfulltrúum sem sitja í stjórn Þjóðkirkjunnar.

Lagt er til að bætt verði við í 3. gr. áskilnaði um að samningar, sem kjaranefnd Þjóðkirkjunnar gerir f.h. Þjóðkirkjunnar við stéttarfélag hlutaðeigandi starfsfólks eða aðra þá sem umboð hafa til slíkrar samningsgerðar, skuli undirritaðir með fyrirvara um samþykki stjórnar Þjóðkirkjunnar.

Launaútgjöld eru langstærsti útgjaldaliður Þjóðkirkjunnar, einkum vegna prestsþjónustu. Kirkjuþing fer með fjárstjórnarvald Þjóðkirkjunnar skv. 7. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021. Stjórn Þjóðkirkjunnar fer með æðsta vald í fjármálum kirkjunnar á milli þinga innan þeirra marka er starfsreglur um fjármál setur henni, sbr. 4. gr. starfsreglna um kirkjuþing nr. 10/2021-2022, með síðari breytingum. Kjarasamningar fela eðli málsins samkvæmt í sér skuldbindingu fyrir Þjóðkirkjuna. Þykir þeim er flytja mál þetta eðlilegt að sá aðili sem ábyrgð ber f.h. kirkjuþings, samkvæmt framanskráðu, hafi eitthvað að segja um svo mikla fjárhagslega skuldbindingu sem kjarasamningur getur falið í sér. Flytjendur málsins minna á að í upphaflegum starfsreglum um Kjaranefnd Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu nr. 981/2020, eins og þær þá nefndust, var samsvarandi ákvæði að öðru leyti en því að kirkjuþing þurfti að samþykkja kjarasamninga kjaranefndarinnar. Það ákvæði var fellt brott við setningu núgildandi starfsreglna þar sem það þótti viðurhlutamikið að þurfa eftir atvikum að kalla saman kirkjuþing með tilheyrandi kostnaði og fyrirhöfn til að fjalla um einstaka kjarasamninga. Þegar upphaflegu starfsreglurnar um kjaranefndina voru settar hafði ekki

verið sett á laggirnar stjórn Þjóðkirkjunnar (áður framkvæmdanefnd) og því engum sambærilegum aðila til að dreifa og stjórnin er nú.

Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður hljótist af samþykkt málsins.